

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1640**

2024/EES/11/74

frá 12. ágúst 2020

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 með því að tilgreina fjölda og heiti breytna í sérstöku viðfangsefni 2022 „færni í starfi“ og þeirra breytna sem er safnað áttunda hvert ár um „lífeyri og þátttöku á vinnumarkaði“ á sviði vinnuafls (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1700 frá 10. október 2019 um að setja sameiginlegan ramma fyrir evrópskar hagskýrslur um einstaklinga og heimili, sem byggjast á gögnum um einstaklinga sem safnað er með úrtaksrannsóknnum, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 808/2004, (EB) nr. 452/2008 og (EB) nr. 1338/2008 og niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 og reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (1), einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að mæta þeim þörfum sem eru tilgreindar í viðeigandi ítarlegum efnisatriðum ætti framkvæmdastjórnin að tilgreina fjölda og heiti breytanna fyrir gagnasafnið á vinnuafllssviðinu.
- 2) Framkvæmdastjórnin ætti að fastsetja fjölda og heiti breytanna í sérstaka viðfangsefninu „færni í starfi“ og breytanna sem safnað er áttunda hvert ár um ítarlega efnisatriðið „lífeyrir og þátttaka á vinnumarkaði“ á vinnuafllssviðinu.
- 3) Fjöldi breytna sem á að safna ætti ekki verða meira en 5% umfram þann fjölda breytna sem var safnað fyrir vinnuafllssviðið á þeim tíma er reglugerð (ESB) 2019/1700 tók gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Fjöldi og heiti breytna í sérstaka viðfangsefninu „færni í starfi“ fyrir 2022 og breytanna um „lífeyri og þátttöku á vinnumarkaði“ á vinnuafllssviðinu sem safnað er áttunda hvert ár eru settar fram í viðaukanum.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 370, 6.11.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 353/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 29.6.2023, bls. 102.

(1) (Stjtið. ESB L 261I, 14.10. 2019, bls. 1.)

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VÍÐAUKI

Fjöldi og heiti breytnanna í sérstaka viðfangsefninu „færni í starfi“ fyrir 2022 og breytnanna sem safnað er áttunda hvert ár um „lífeyri og þátttöku á vinnumarkaði“ á vinnuafllssviðinu

Efnisatriði	Ítarlegt efnisatriði	Kennimerki breytu	Heiti breytu
03c. Þátttaka á vinnumarkaði – 11 safnaðar breytur (11 sem tengjast sérstöku viðfangsefni)	Færni í starfi	DIGITAL	Tími sem er varið í vinnu á stafrænan búnað í aðalstarfi eða síðasta starfi
		READING	Tími sem er varið í lestur vinnutengdra handbóka og tæknigagna í aðalstarfi eða síðasta starfi
		CALCULATE	Tími sem er varið í tiltölulega flókna útreikninga í aðalstarfi eða síðasta starfi
		PHYSICAL	Tími sem er varið í erfiða líkamlega vinnu í aðalstarfi eða síðasta starfi
		DEXTERITY	Tími sem er varið í verkefni sem útheimta fingrafimi í aðalstarfi eða síðasta starfi
		COMMINT	Tími sem er varið í samskipti við fólk úr sama fyrirtæki eða stofnun í aðalstarfi eða síðasta starfi
		COMMEXT	Tími sem er varið í samskipti við fólk utan fyrirtækis eða stofnunar í aðalstarfi eða síðasta starfi
		GUIDANCE	Tími sem er varið í að veita ráð, þjálfu eða kenna öðru fólki í aðalstarfi eða síðasta starfi
		JOBAUTON	Stig sjálfstæðis í verkefnum í aðalstarfi eða síðasta starfi
		REPETITIVE	Stíndurtekning verkefna í aðalstarfi eða síðasta starfi
		PROCEDURE	Verkefni sem er nákvæmlega lýst með ströngum verklagsreglum í aðalstarfi eða síðasta starfi
03d. Þátttaka á vinnumarkaði – 11 safnaðar breytur (11 áttunda hvert ár)	Lífeyrir og þátttaka á vinnumarkaði	PENSTYP1	Ellilífeyrir
		AGEPENSO	Aldur þegar einstaklingurinn hóf töku ellilífeyris
		STATRECE	Fyrsta greiðsla lögbundins ellilífeyris með skerðingu eða uppbót
		PENSTYP2	Örorkulífeyrir eða aðrar örorkubætur sem eru reglubundið greiddar í reiðufé
		AGEPENSD	Aldur þegar einstaklingurinn hóf töku örorkulífeyris eða annarra örorkubóta sem eru reglubundið greiddar í peningum
		PROVTYPE	Fjárhagslegt fyrirkomulag ellilífeyris
		PENSSITU	Aðstæður við upphaf töku ellilífeyris
		WSTPREAS	Meginástæða þess að störfum er hætt við upphaf töku ellilífeyris
		WCONREAS	Meginástæða þess að halda áfram störfum ásamt töku ellilífeyris
		LMREENT	Farið aftur út á vinnumarkaðinn eftir að taka ellilífeyris hófst
		LMENTREAS	Meginástæða þess að fara aftur út á vinnumarkaðinn